

*Sovéskir dagar*

# SÝNING

að Kjarvalsstöðum í september 1979

á listmunum, barnateikningum o.fl.

frá

Sovéttlýðveldinu Kazakhstan

og 26 svartlistarmyndum Viktors Prokofievs

við efni Njálssögu.

*MÍR september 1979*

## Sýningarefni frá Kazakhstan

I.  
Sýnishorn listmuna og minjagripa frá Kazakhstan sem hér er sýnt, barnateikningarnar og ljósmyndirnar, þarfnast ekki sérstakra skýringa, en sýningarefni þetta er komið hingað til lands fyrir milligöngu Vináttufélagsins í Kazakhstan og Sambands sovéskra vináttufélaga.

### II.

Fyrir Októberbyltinguna 1917 var myndlistarsköpun íbúa Kazakhstan takmörkuð við svokallaða nytjalist, þ.e. gerð hagnýtra hluta til nota í daglegu lífi og starfi hirðingjaþjóðar. Með breyttum þjóðfélags- og atvinnuháttum og nýjum viðhorfum í kjölfar byltingarinnar var rutt úr vegi þeim höftum sem stóðu myndlistinni í þessu Miðasíu-landi fyrir þrifum, svo sem gerðu kreddur og fyrirmæli íslamskrar strangtrúar, er leggja blátt bann við hverskonar myndefftirgerð lifandi hluta. Myndlist í þröngum skilningi orðsins á sér því innan við 60 ára sögu í Kazakhstan. En á þessu tímabili hafa komið fram margir ágætir listamenn og eru verk eins þeirra, E. Sidorkins, lítillega kynnt hér á sýningunni.

Evgéní M. Sidorkin er fæddur á árinu 1930. Hann lauk námi við Myndlistarskóla Kazakhstan 1951 og 1957 útskrifaðist hann frá svartlistardeild Stofnunar málara-, höggmynda- og byggingarlistar sem kennd er við hinn fræga rússneska málara Repin. Sidorkin hefur verið félagi í Sambandi sovéskra myndlistarmanna frá árinu 1958, hann hefur hlotið ríkisverðlaun Kazakhstan og sæmdarheitið heilurslistamaður sovétlýðveldisins. Verk Sidorkins hafa verið sýnd á fjölmörgum sýningum í Sovét-Kazakhstan og víðar í Sovétríkjunum og utan þeirra.

Þjóðsögur og sagnaljód alþýðu manna í Kazakhstan hafa löngum verið og eru E. Sidorkin mjög hugleikið viðfangsefni og óþrjótandi uppspretta listsköpunar. Hér eru sýndar 14 slíkar þjóðsagnamyndir og hefur listamaðurinn sjálfur annast prentun þeirra.

1. Bajan-Slú
2. Þjóðhetjan (batyr) Kamar.
3. Atlaga.
4. Þjóðhetjan Torekhan.
5. Einvígi.
6. Þjóðhetjan Koblandy.
7. Þjóðhetjan Alpamis.
8. Þjóðhetjan Doban.
9. Manshúli Tújakabí.
10. Er Kosaj.
11. Þjóðhetjan Arkalik.
12. Sigurvegarinn.
13. Samræða
14. Bæn.

## *Myndir við efni Njálu*

Viktor V. Prokofiev myndlistarmaður og höfundur Njálumyndanna á sýningunni er búsettur í Moskvu. Fyrir allmörgum árum las hann í fyrsta skipti eina af Íslendingasögnum sem út hafa verið gefnar á rússnesku í Sovétríkjunum, og síðan hefur hann verið mikill unndi Íslenskra fornrita. Einkum hefur Njála verið honum hugstæð og söguna hefur hann ekki einungis lesið svo tugum skiptir, heldur unnið heilan myndaflokk eftir henni, þá myndröð sem hér er til sýnis á Kjarvalsstöðum.

En Viktor Prokofiev hefur sótt myndefni í fleiri fornrit Íslensk, m.a. Snorra-Eddu, og hafa þrjú verka hans úr þeim myndaflokki verið sýnd á Snorrasýningunni í Bogasal Þjóðminjasafnsins í sumar og vakið athygli.

Hér á landi varð fyrst kunnugt um áhuga V. Prokofievs á Íslendingasögnum og myndgerð hans við efni þeirra, þegar Vladimir Jakúb prófessor í Moskvu sagði frá listamanninum og sýndi ljósmyndir af nokkrum verka hans, m.a. í sjónvarpsþætti sumarið 1977. Síðan hefur félagsstjórn MIR o.fl. haft áhuga á því að fá myndir Prokofievs hingað til sýningar. Fyrir milligöngu sendiráðs Íslands í Moskvu fékk Stofnun Arna Magnússonar sendar myndraðirnar við efni Snorra-Eddu og Njálssögu á liðnu vori. — MIR fékk svo Njálumyndirnar til ráðstöfunar.